

Alþingi
Erindi nr. P 141/399
komudagur 7.11.2012



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 7. nóvember 2012

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, þingskjal 155. – 155. mál.

Öryrkjabandalag Íslands fagnar frumvarpi um lögleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna (SP) um réttindi barnsins sem Ísland fullgilti árið 1992. Með lögfestingu hans telur ÖBÍ að honum verði í auknum mæli beitt í framkvæmd og að börn og fullorðnir verði meðvitaðri um réttindi barna, þar á meðal fatlaðra barna. Réttindi þess hóps barna hefur í mörgum tilvikum verið ábótavant eins og fram kemur í skýrslu umboðsmanns barna til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna árið 2010. ÖBÍ leggur áherslu á að í kjölfar lögleiðingar tryggi stjórnvöld nægjanlegt fjármagn til framkvæmdar samningsins. Einnig bendir ÖBÍ á nauðsyn kynningar á samningnum og fræðslu þannig að tryggt verði að börn, fullorðnir og fólk sem vinnur á stofnunum sem sjá um málefni barna þekki innihald hans og réttindi barna samkvæmt honum.

ÖBÍ er með eftirfarandi athugasemd varðandi þýðingu á samningnum. Erlendir fræðimenn* hafa, með tilvísun til undirbúningsgagna, komist að þeirri niðurstöðu að 6. gr. samningsins, sem fjallar um rétt til lífs, geti undir ákveðnum kringumstæðum átt við ófædda einstaklinga, þ.e. fóstura. Að sama skapi veitir 2. mgr. samningsins ófæddum einstaklingum rétt sem felur í sér þá skyldu að aðildarríki tryggi heilsu móður á meðgöngu. Í því ljósi vill ÖBÍ benda á að orðalag ákvæðisins er rangt að efni til, því það á ekki einungis við fædda einstaklinga. Orðalag ákvæðisins um „meðfæddan“ rétt til lífs gefur ekki rétta mynd af ákvæðinu sem samkvæmt eðli sínu á að vera opið og gefa tilefni til túlkunar hvers aðildarríkis. Ákvæðið í íslenskri þýðingu gerir það ekki eins og það er orðað nú.

Hið rétta í málinu væri að líta til enskrar þýðingar textans sem fjallar um „inherent right to life“. Það hvort einstaklingurinn er fæddur eða ekki er ekki hið eina til að afmarka hvort einstaklingur sé lifandi eða ekki. Þessa grundvallar þýðingar- og rökvillu verður að laga áður en til lögfestingar kemur.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem, ásamt valfrjálsri bókun, var undirritaður fyrir hönd íslenska ríkisins 30. mars 2007 er rík áhersla lögð á

Við stöndum fyrir réttlæti – Ekkert um okkur án okkar!

réttindum barna. ÖBÍ hefur lagt áherslu á að samningurinn verði lögfestur sem fyrst af Alþingi Íslendinga og er lögfesting samnings SP um réttindi barna því í takt við þær áætlanir.

Virðingarfyllt
f.h. Öryrkjabandalags Íslands



Guðmundur Magnússon formaður

*Sjá grein <http://ultimo167.files.wordpress.com/2010/10/persons-with-disability-and-the-right-to-life-2008.pdf> bls 28 og 29.